

Föstudaginn 15. nóvember 1985.

Nr. 46/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Heimi Loga Gunnarssyni**

(Jón Halldórsson hrl.)

Líkamsárás. Þjófnaður. Tilraun. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur hinn 7. febrúar 1985 áfrýjað til þyngingar héraðsdómi í málinu.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 10. október sl.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hefur verið háð framhaldsrannsókn fyrir sakadómi Kópavogs að tilhlutan ríkissaksóknara. Gáfu þá skýrslu lögreglumennirnir Þorvaldur Sigmarsson, Valdimar Jónsson og Ari Jóhannsson, er allir komu á vettvang að Álfrólsvegi 88, eftir að beiðni barst þaðan um lögregluaðstoð. Í vætti sínu minntist Þorvaldur Sigmarsson þess ekki, að hann hafi séð ummerki um átök í svefnherbergi eða annars staðar í íbúðinni á Álfrólsvegi 88. Þetta fer þó í bága við lögregluskýrslu, sem vitni þetta ritaði samdægurs, og annað, sem komið er fram í málinu.

Enn fremur gáfu skýrslu fyrir sakadóminum rannsóknarlögreglumennirnir Eggert Bjarnason og Bjarni Jóhann Bogason, er unnu að frumrannsókn málsins, svo og hjónin Ólafur Bjarnason og Geirprúður Kristín Kristjánsdóttir. Hafði enginn af fólki þessu komið fyrir sakadóm til skýrslugjafar, áður en hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp. Loks hafa við framhaldsrannsóknina borið vitni þeir Jón Hreinsson, Skálaheiði 5, og Hallgrímur Guðsteinsson, Álfrólsvegi 95 í Kópavogi. Hafði hinn fyrrnefndi verið á dansleik með ákærða aðfaranótt laugardagsins 21. ágúst, en að honum loknum komu þeir við heima hjá Hallgrími. Þaðan urðu ákærði og Jón samferða eftir nokkra viðdvöl, en skildu á horni Skálaheiðar og Álfrólsvegjar. Bæði segja vitni þessi ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis en þó ekki mikið drukkinn.

Framhaldsrannsóknin styður það, að atvik hafi orðið með þeim hætti sem greint er í héraðsdómi. Verður að telja sannað með játningu ákærða og gögnum þeim, sem í héraðsdómi eru greind, svo og því, sem fram er komið við framhaldsrannsóknina, að ákærði sé sannur að sök um þann verknað, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi, og að verknaður hans sé þar heimfærður til rétttra refsíákvæða samkvæmt ákæru.

Árás ákærða á Kristínu Samsonardóttur var svo harkaleg, að verulegur háski gat stafað af. Við ákvörðun refsingar ber þó að hafa í huga, að ákærði var tæpra 19 ára, er hann framdi brot sitt. Hann hefur ekki áður sætt refsingu fyrir brot á almennum hegningarlögum. Hann gekkst greiðlega við broti sínu. Með vísan til þessa þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið svo og 5 mánaða fangelsi skilorðsbundið, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976. Skal fullnustu á síðargreinda refsihlutanum frestað og sú refsing falla niður frá 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Af hálfu Kristínar Samsonardóttur hefur fyrir Hæstarétti verið gefin sú skýring á fébótakröfu hennar fyrir vinnutap vegna heimilisstarfa, að þar sé miðað við, að hún hafi verið frá vinnu í einn mánuð vegna atlögu ákærða. Sé í kröfugerðinni tekið mið af föstum mánaðarlaunum matrúðskvænna eftir 6 ára starf. Hafi þau á þessum tíma verið 9.857,00 krónur að meðtöldu orlofsfé. Er þess krafist fyrir Hæstarétti, að fébótakrafa sú, sem gerð var fyrir sakadómnum, verði tekin til greina að fullu.

Ákærði hefur fyrir Hæstarétti krafist staðfestingar á fébótaákvæði héraðsdóms. Fyrir sakadómi samþykkti hann kröfu Kristínar Samsonardóttur, eftir að hann hafði ítrekað fengið frest til að tjá sig um kröfuna og leitað samkomulags um hana. Hann hefur fyrir Hæstarétti samþykkt vaxtaákvæði héraðsdóms, bæði um upphafstíma vaxta og vaxtahæð. Verður ákærði því dæmdur til að greiða Kristínu Samsonardóttur 31.543,00 krónur, með vöxtum svo sem héraðsdómur ákvað, svo og 3.500,00 krónur fyrir lögfræðisástoð samkvæmt samþykki sínu fyrir sakadómi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað og

dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 12.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Heimir Logi Gunnarsson, sæti fangelsi 3 mánuði svo og 5 mánaða fangelsi, en fullnustu þeirrar refsingar skal frestað, og falli hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákærði greiði Kristínu Samsonardóttur 35.543,00 krónur með vöxtum af 31.543,00 krónum samkvæmt vaxtaákvæði hins áfrýjaða dóms.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Halldórssonar hæstaréttarlögmans, 12.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Kópavogs 22. júní 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí sl., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 16. janúar 1984, „á hendur Heimi Loga Gunnarssyni iðnverkamanni, Nýbýlavegi 104, Kópavogi, fæddum 13. september 1963 í Reykjavík fyrir tilraun til þjófnaðar og líkamsárás svo sem rakið er:

Ákærða er gefið að sök að hafa um kl. 5 aðfaranótt 21. ágúst 1982 í þjófnaðarskyni brotist inn á jarðhæð að Álfrólsvægi 88 í Kópavogi, farið um íbúðina og inn í svefnherbergi, þar sem hann varð var við húsráðanda, Kristínu Agnesi Samsonardóttur, f. 12. febrúar 1933, sem lá í rúmi sínu en hafði vaknað við umgang ákærða, ráðist þegar að henni í rúminu og misþyrmt henni, m.a. slegið hana margsinnis í höfuðið m.a. með kerta-stjaka úr hvaltönn, barið höfði hennar við miðstöðvarofn og húsgögn, sveigt höfuð hennar fram og niður og haldið fyrir vit hennar svo að henni lá við köfnun. Ákærði lét af árásinni er hann heyrði aðra íbúa hússins reyna að komast inn í íbúðina til hjálpar Kristínu Agnesi og forðaði sér á brott.

Afleiðingar árásarinnar urðu m.a. þær, að Kristín Agnes marðist á hægri augabrún, enni og hnakka, fékk glóðarauga hægra megin, marðist á neðra vinstra augnloki og hlaut þar tvo u.þ.b. 2 cm langa skurði sem sauma þurft saman. Ennfremur komu eymsli í hálsvöðva svo hún þurfti að nota hálskraga til stuðnings.

Telst þetta atferli ákærða varða við 244. gr., sbr. 20. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga um breytingu á þeim lögum nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta verði þeirra krafist.“

### *Málavextir.*

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum málsins eru málavextir þeir, að kl. 4:57, laugardaginn 21. ágúst 1982 var lögreglan í Kópavogi kvödd að Álfrólfsvegi 88. Er lögreglumenn komu á staðinn, hittu þeir fyrir íbúa á efri hæð hússins, hjónin Ólaf Bjarnason og Geirþrúði Kristjánsdóttur. Í anddyri í íbúð á neðri hæð lá Kristín Samsonardóttir, þar til heimilis, og var hún mjög blóðug í andliti. Hún upplýsti, að hún hafi orðið fyrir líkamsárás. Lögreglan fann ekki árárarmanninn þar en við skoðun á íbúðinni komi í ljós, að svaladyr voru opnar, og í svefnherbergi virtist augljóst, að þar höfðu átök farið fram.

Í skýrslu Eggerts Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns er ummerkjum í íbúðinni nánar lýst svo: „Í svefnherbergi Kristínar virðist augljóst, að hörð átök hafa átt sér stað. Stóll hefur oltið á hliðina og rúm færst úr stað. Á gólfinu voru rúmföt og annar fatnaður og rúmfatnaður í rúminu í óreiðu. Á svefnherbergisgólfinu til hægri, þegar komið er inn um dyrnar, lá blóðugur kertastjaki úr hvalbeini, en hann mun hafa staðið á hillu í ganginum. Gluggatjöld voru dregin fyrir, en virtust hafa aflagast. Á gangi rétt innan við aðaldyr hússins var blóð á gólfi og vegg. Einnig á karmi í dyrum er liggja úr ganginum inn í snyrtiherbergi. Annarsstaðar í íbúðinni virtust ekki vera ummerki um átök.“

Kristín var flutt á slysavarðstofuna, og skömmu síðar var Heimir Logi Gunnarsson, ákærði í máli þessu, handtekinn í Hlaðbrekku og færður til skýrslutöku vegna gruns um ofangreinda líkamsárás.

Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur hjá kunningja sínum umrædda nótt, sem býr í húsi gegnt nr. 88 við Álfrólfsveg. Þaðan fór hann kl. 4:30-5:00. Datt honum þá í hug að fara inn í eitthvert hús í því skyni að stela peningum. Honum var kunnugt um, að þar sem kunningi hans, Davíð Gíslason, bjó að Álfrólfsvegi 88 væru ekki aðrir heima en móðir hans, Kristín, en þangað hafði hann oft komið. Hann fór að dyrunum á bakhlíð hússins, sem snúa út í garðinn, og losaði stormjárn

á opnanlegum glugga yfir dyrunum. Hann teygði sig inn um gluggann og opnaði dyrnar innan frá. Hann fór inn í stofuna og staldraði þar við. Þessu næst fór hann inn í svefnherbergi (hjónaherbergi) íbúðarinnar, en hann þekkti þarna alla herbergjaskipan. Taldi hann, að þar væri helst peninga að finna. Inni í svefnherberginu varð fyrir mætta köttur, og segist hann hafa beygt sig niður að kettinum og farið að strjúka honum. Þá tók hann allt í einu eftir því, að konan í rúmin, það er Kristín, var risin upp. Skipti það þá engum togum, að hann réðst á Kristínu, en gat ekki gert sér grein fyrir hvers vegna, því hún gaf í fyrstu ekki frá sér neitt hljóð. Urðu nú á milli þeirra nokkuð hörð átök, og valt Kristín við það út á gólf. Tók hún nú að æpa, og segist ákærði hafa reynt að þagga niður í henni með því að taka fyrir munn hennar. Næst hafi hann tekið eftir því, að dyrabjöllunni var hringt, og hafi hann þá forðað sér út úr húsinu sömu leið og hann hafði komið og haldið af stað heim til sín. Þá var það sem lögreglan kom og handtók hann.

Ákærði hefur ekki getað lýst aðförinni að Kristínu nákvæmlega, enda sagðist hann hafa verið mikið drukkin, þegar atburðir þessir gerðust. Hann hefur þó viðurkennt að hafa slegið höfði hennar við vegg eða slegið hana í höfuðið með kertastjaka. Hann mundi ekki, hvort þetta voru kröftug átök eða hve lengi þau stóðu, en eitthvað slóst Kristín við hann á móti. Hann hafði alls ekki ætlað sér það fyrirfram að beita konuna ofbeldi, heldur hafi þetta verið viðbrögð hans, þegar hann varð þess var, að hún var vöknuð, en tilgangurinn með því að fara inn í íbúðina hafi verið sá að ná í peninga.

Farið var með ákærða til blóðtöku kl. 6:00 umræddan morgun, og samkvæmt niðurstöðum rannsókna mældist magn alkóhóls í blóði 1,15‰.

Vitnið Kristín Samsonardóttir, Álfhólsvegi 88, Kópavogi hefur skýrt svo frá, að hún hafi vaknað umrædda nótt, risið upp í rúminu, og sá hún þá pilt standa við fótagafl rúms hennar. Hún spurði, hvað gengi á, en pilturinn vatt sér þá upp í rúmið til hennar og réðst á hana. Hann sló hana í höfuðið, og voru það þung högg, enda fann hún mikið til. Hún reyndi að rífa í hárið á piltinum og veita honum mótspyrnu, en við það ultu þau bæði niður á gólf. Pilturinn sló höfði hennar utan í kommóðu og miðstöðvarofn og reyndi auk þess að sveigja höfuð hennar fram og niður. Hún greip í gluggatjöld og kallaði á hjálp, en þá tók pilturinn fyrir munn hennar. Hún var farin að sljóvgast, þegar þetta var, vegna barsmiðanna og lá við köfnun, þegar pilturinn tók fyrir munn hennar. Hún vissi ekki, hve lengi átökin stóðu yfir, en pilturinn slepti henni, þegar hann heyrði dyrabjöllu hringt. Hún fór þá til dyra og opnaði, en hneig þar niður, vegna þess hve hún var orðin máttfarin eftir átökin.

Vitnið hefur lýst áverkum á sama hátt og gert er í ákæru að öðru leyti

en því, að hún hafi hlotið 2 skurði á hnakka og þurfti að sauma þá saman, en aðra skurði þurfti ekki að sauma saman. Þá tók vitnið það sérstaklega fram, að það hafi tekið sig langan tíma að jafna sig andlega eftir framan-greinda atburði. Því þyki óþægilegt að rifja upp atvikin, en fram að þessum tíma hefur vitnið haft andleg óþægindi vegna þessa, þótt vitninu hafi nú á þessu ári tekist nokkurn veginn að jafna sig eftir þetta.

Lagt hefur verið fram læknisvottorð, dags. 11. maí 1983, undirritað af Hrafnkeli Óskarssyni lækni svohljóðandi:

„Þann 21.8. 1982, kl. 05:15, kemur hér í sjúkrabifreið kona .... Við komu segir hún að ráðist hafi verið á sig á heimili hennar af ókunnnum árárarmanni. Kveðst hún hafa verið barin með hvaltönn. Við skoðun kemur í ljós, að hún er með all-mikið mar á hægri augabruninni, einnig er mar á hnakka og er all-mikið og dúar undir við þrýsting, einnig er mar á neðra vinstra augnlokkinu. Tveir skurðir ca 2 cm hvor á sama stað, augnhreyfingar eru eðlilegar og augu svara eðlilega ljósi, speglað er í augun og kemur ekkert sérstakt fram, ekkert sérstakt við skoðun á eyrum, tauga-viðbrögð fremur dauf, en jöfn beggja vegna, ekki merki um meiri háttar höfuðáverka. Er lögð inn á Gæsludeild til eftirlits vegna þessa höfuðáverka. Um kl. 7:00 kastar hún síðan upp og er óglatt en ógleðin líður fljótlega frá og hún sefur frá kl. 10:00 og fram yfir hádegið, þá er ógleðin horfin og hún lætur vel af sér, kvartar ekkert um höfuðverk, allan tímann eru augnviðbrögð eðlileg, blóðþrýstingur og puls jafn og eðlilegur og um kl. 19:00 er hún útskrifuð af Gæsludeildinni, líður þá sæmilega, engin ógleði, ekki höfuðeinkenni, en kvartar helst um örlítinn verk í hægri öxlinni, en ekkert ákveðið að finna þar við skoðun. Saumuð voru sár sem hún var með í andlitinu og henni stefnt hingað 31.08. í saumatöku. Kemur næst 23.08. og kvartar þá um að hún sé stíf og aum í hálsvöðvum og er staðfest með skoðun, sem leiðir ekkert annað nýtt í ljós, og hún fær hálskraga til stuðnings og ráðleggingar. Kemur 31.08. 1982 er enn með töluverðan höfuðverk, bæði í enninu hægra megin og aftur í hnakka. Kvartar einnig um þreytu og sljóleika. Hún kveðst hafa verið rúmliggjandi frá áverkanum og hefur fundið fyrir svima. Einnig segir hún að hún eigi erfitt með að einbeita sér og erfitt með að lesa. Við skoðun kemur eftirfarandi í ljós: Sár eru nú vel gróin, allar hreyfingar í hálsi eru mjög sárar og hún er enn með verulegt glóðarauga hægra megin. Engar sjóntruflanir eru til staðar og ekkert annað sérstakt finnst við skoðun. Saumar eru fjarlægðir og hún er enn dæmd óvinnufær og verður það væntanlega næstu vikur að mati aðstoðarlæknis. Kemur hér næst 14.09. 1982, er þá fremur með smávægileg einkenni frá hálsinum og kvartar um verki í öxlum og einhvern höfuðverk öðru hverju. Við skoðun kemur eftirfarandi í ljós: Er með kúlu hægra megin á enni sem er hörð, en ekkert annað sérstakt að finna við skoðun,



að ráðast á sig. Hún segir, að þetta gerist að nokkru marki nú, þó þetta langur tími sé liðinn.

Hún hafi verið frá vinnu í mánuð, en hún fékk greidd laun frá sínum vinnuveitanda á meðan, en hún gat á engan hátt sinnt sínum heimilisstörfum í heilan mánuð og að mjög takmörkuðu leyti í mánuð eftir það, þó hún hafi getað sinnt sínum störfum utan heimilis. Í heimili hjá henni eru eiginmaður hennar og tveir synir.

Með vísan til þessa megi sjá að kröfur hennar eru síst of háar.

*Niðurstöður.*

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, játningu ákærða, framburðum vitna, áverkavottorði svo og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar að öllu leyti réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1981 21/9 í Kópavogi: Sátt, 3.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár.  
 1982 30/4 í Kópavogi: Sátt, 7.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 21.9. 1982.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir þeim refsilagaákvæðum, sem ákært er eftir, svo og með vísan til málsatvika fangelsi í 7 mánuði. Með hliðsjón af því, hve ungur ákærði var, er hann framdi brotið og því, að hann hefur eigi, svo kunnugt sé, verið áður sekur fundinn um hegningarlagabrot og hefur skýrt hreinskilnislega frá málsatvikum, þykir mega fresta fullnustu refsingar, og falli hún niður að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, svo og sérstakt skilyrði 6. tl. sömu lagagreinar.

Bótakrafa Kristínar Samsonardóttur þykir studd fullnægjandi gögnum og verður því tekin til greina að öðru leyti en því, að engin gögn hafa verið lögð fram, er sanni fjártjón vegna tapaðra heimilisstarfa. Þá þykir lagaskilyrði breyta til að dæma bætur fyrir lögfræðilega aðstoð. Þykja bætur hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir fjártjón og miska kr. 20.000,00 auk vaxta, svo sem segir í dómsorði, og er þá m.a. tekið tillit til þess, með hvaða hætti ákærði réðst á bótakrefjanda, en ljóst er, að það hefur valdið henni miklum andlegum og líkamlegum þjáningum, bæði meðan á aðförinni stóð og jafnframt eftir á.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Heimir Logi Gunnarsson, sæti fangelsi í 7 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilyrði 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, svo og skilyrði 6. tl. sömu lagagreinar.

Ákærði greiði Kristínu Samsonardóttur kr. 20.000,00 með 34% ársvöxtum frá 21. ágúst 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 9. mars s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 20. nóvember 1985.

Nr. 107/1984. **Svava Þórðardóttir**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

**Ólafi Baldurssyni**

(Othar Örn Petersen hrl.)

Nauðungaruppboð. Gjaldfelling skuldabréfa. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. júní 1983. Á dómþingi 8. maí 1984 var málið hafið með samkomulagi aðilja.